

Samskiptastefna Stafrænnar heilsu

Stafræn heilsa er miðstöð þróunar, þjónustu og nýsköpunar fyrir heilbrigðisþjónustu. Markmið okkar í samskiptum er að efla skilning og traust á stafrænni umbreytingu heilbrigðiskerfisins, byggja upp kraftmikið samstarf við nýsköpunarsamfélagið og styðja við sameiginlega sýn þess heilbrigðiskerfis sem við erum að byggja til framtíðar.

Gildin okkar

Þrjú gildi leiða samskipti okkar:

Traust

Við erum fagleg, áræðin og opin í allri upplýsingamiðlun og miðlun er sjálfsagður hlutur í öllu okkar starfi.

Samræmi

Við komum fram sem ein heild og notum sama raddblæ í allri miðlun, hvort sem er á faglegum vettvangi, á vef eða í beinum samskiptum við samstarfsaðila.

Samstarf

Með opinni upplýsingagjöf, skýrri forgangsröðun og virku samtali sköpum við grundvöll fyrir stöðuga nýsköpun í stafrænni heilbrigðisþjónustu og tengjum heilbrigðiskerfið betur við upplýsingatæknisamfélagið.

Miðlun og markhópar

Samskipti Stafrænnar heilsu beinast að nokkrum meginhópum:

Heilbrigðisstarfsfólk

Sem best þekkir raunverulegar þarfir skjólstæðinga

Nýsköpunar- og upplýsingatæknisamfélagið

Þróunaraðilar og fyrirtæki sem byggja upp og reka lausnir fyrir heilbrigðiskerfið.

Heilbrigðisstofnanir og opinberir aðila

Sem nýta sameiginlega innviði og stafræna þróun og nýta þjónustu og lausnir Stafrænnar heilsu

Almenningur og skjólstæðingar

Mikilvægt að þessi hópur sé upplýstur um allar breytingar og nýjungar sem skipta hann máli og hafa bein áhrif á upplifun og þjónustu

Hvernig miðlum við upplýsingum?

Vefur Stafrænnar heilsu er okkar aðalvettvangur. Þar má finna fréttir af verkefnum, forgangsröðun, skjölun, stefnur og er vefurinn einnig fyrsta skref í að eiga í samskiptum við Stafræna heilsu. Við notum samfélagsmiðla Stafrænnar heilsu þegar við á til að ná til markhópa okkar og tökum virkan þátt í viðburðum, ráðstefnum o.fl.

Raddblær

Raddblær okkar er skýr, faglegur og aðgengilegur. Við tölum mannamál, af heiðarleika og gagnsæi, og með virðingu fyrir sérþekkingu viðmælanda okkar. Við forðumst flókið stjórnsýslumál og óþarfa tæknimál í samskiptum við almenning, en nýtum nákvæm tæknihugtök í samtali við fagsamfélagið. Allt efni er skrifað með viðtakandann í huga og skal uppfylla aðgengisviðmið.